

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 36

Dags. 1.4.2008

Fundur haldinn í Skógum 1. apríl 2008 kl. 13:00

Fundargerð skráð í tölvu.

Mætt eru Sigurður Skúlason, Þórunn Jónsdóttir, Helgi Hallsson, Ragnar Bjarnason. Guðrún Tryggvadóttir boðaði forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Erindi Guðm. Gunnarssonar f.h. landeigenda í Skógum dags. 27. feb. 2008 um veltengingar og fjarlægð húsa frá þjóðvegi.

Eftirfarandi erindi hefur borist f.h. landeigenda í Skógum:

„Vinna við gerð deiliskipulags að frístundabyggð hefur staðið yfir að undanförmu í landi Skóga og drög að skipulaginu dags. 9.11.2007 hafa verið kynnt í skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar. Áður en lokið er við endalega tillögu að deiliskipulaginu er óskað eftir því að sveitarstjórn sæki formlega um nýjar veltengingar að svæðinu til Vegagerðarinnar eins og þær eru sýndar á meðfylgjandi afstöðumynd. Einnig er óskað eftir að sótt verði um undanþágu frá 7. mgr. 4.16.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 til Umhverfisráðuneytisins vegna fjarlægðarmarka frá tengivegi nr. 836. Í drögum að skipulaginu er gert ráð fyrir húsum í um 50 m fjarlægð vestan vegarins, en um 38-40 m austan hans.

Virðingarfullt f.h. landeigenda Skóga."

Nefndin samþykkir að sótt verðu um nýjar veltengingar að svæðinu vestan Illugastaðavegar (836) Nefndin setur sig ekki á móti að sótt verði um undanþágu frá 7. mgr. 4.16.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998, en telur að sá byggingareitur sem næst er veginum að austanverðu sé of nærri vegi.

3. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar.

Eftirfarandi minnisblað hefur borist frá Ragnhildi Skarphéðinsdóttur, Hornsteinum vegna gerðar aðalskipulags:

„AÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR

M I N N I S B L A Ð

Verkátun

Í samræmi við uppfærða verkátun dags 22. nóv s.l. og samþykkt var á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 12. desember s.l. voru önnur drög Aðalskipulags Þingeyjarsveitar (aðalskipulagsuppráttur, þemakort og greinargerð) send sveitarstjóra 11. janúar 2008 til skoðunar og dreifingar í nefndum.

Athugasemdir/ábendingar sveitarstjórnar

Athugasemdir við fyrra hluta greinargerðar barst skipulagshöfundum 28. janúar 2008 og athugasemdir við seinni hlutann 1. febrúar.

Yfirllestur sérfræðinga

Þann. 7. febrúar s.l. sendu skipulagsfulltrúar tillögu að sérfræðingum sem lesið gætu yfir valda kafla í greinargerð. Svar með samþykki sveitarstjóra barst 11. mars s.l.

Beiðnir um yfirllestur voru sendar út í þriðju viku marsmánaðar.

Yfirllestur kafla leiðréttir hugsanlegar villur og/eða rangfærslur sem kunna að vera í

greinargerðinni og aflar jafnvel frekari gagna um svæðið. Slíkur yfirllestur auðveldar líka skipulagsferlið á síðari stigum, því jú hnitmiðaðra og heildstæðara plagg, því betra.

Stofnanirnar eru :

- Náttúrufræðistofa NA
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Forleifavernd ríkisins
- Skógrækt ríkisins
- Veiðimálastofnun
- Norðurorka
- Orkustofnun
- Umhverfisstofnun
- Landgræðsla ríkisins
- auk skipulagsfulltrúa (G.Hj.)

Ofangreindum stofnunum var gefinn kostur á að skila inn athugasemdum sínum eða ábendingum til 15 apríl n.k.

Næstu skref (sjá nánar í hjálagðri uppfærðri verkáætlun)

- 15. apríl: ábendingar frá sérfræðingum væntanlega komnar í hús. Ekki ólíklegt að það taki um 1-2 vikur að vinna úr athugasemdum.
- Ráða þarf ráðgjafa nú þegar til þess að hefja vinnu við umhverfismat skipulagsáætlunarinnar
- Sveitarstjórn samþykkir fyrstu drög
- Fyrstu drög kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum
rs/k.thor/31.mars"

Eins og sjá má á minnisblaðinu er skipulagið nú til yfirlstrar hjá sérfræðingum og stofnunum. Nefndin mælist til þess að sveitarstjóri hugi að ráðningu aðila til að vinna umhverfismatsáætlun skipulagsins eins og lögboðið er.

4. Önnur mál.

a) Skipulag á Laugum.

Sveitarstjóri kynnti niðurstöður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála þar sem samþykkt sveitarstjórnar frá 21. júní 2007 um breytt deiliskipulag hluta lands Laugaskóla í Reykjadal, Þingeyjarsveit, er felld úr gildi. Hér á eftir fara niðurstöður úrskurðarnefndarinnar.

“Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um gildi breytingar á deiliskipulagi er sett var á árinu 2001 fyrir hluta úr landi Laugaskóla í Reykjadal, Þingeyjarsveit. Felur breytingin það í sér að aukið er við áður deiliskipulagt svæði og tveimur byggingarlóðum fyrir einbýlishús komið fyrir við suðausturhorn þess, utan marka hins fyrra deiliskipulags. Aðkomuvegur að þessum lóðum liggur við suðausturhorn fyrra skipulagssvæðis, og að hluta til innan marka þess, en engar aðrar breytingar er að sjá innan marka fyrra skipulags. Fram kom í auglýsingu sveitarstjórnar á tillögu að umræddri skipulagsbreytingu, að málsmeðferð væri í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, en þar segir að ákveði sveitarstjórn að breyta deiliskipulagi skuli fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga skal deiliskipulag gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Sveitarstjórn getur þó, samkvæmt 3. tl. ákvæða til bráðabirgðameð skipulags- og byggingarlögum, auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar án þess að fyrir liggja staðfest aðal- eða svæðisskipulag.

Fyrir liggur að hvorki er til staðar staðfest aðalskipulag Þingeyjarsveitar né svæðisskipulag umrædds svæðis. Ekki voru því skilyrði til þess að gera deiliskipulag með stoð í 2. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir það svæði, sem aukið var við áður deiliskipulagt svæði, með hinni

kærðu ákvörðun. Ekki hefur heldur komið fram að leitað hafi verið meðmæla Skipulagsstofnunar samkvæmt 3. t. ákvæðis til bráðabirgða skipulags- og byggingarlaga við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar. Verður og að telja að afmörkun hins nýja deiliskipulagssvæðis hafi ekki verið í samræmi við ákvæði um deiliskipulag í gr. 3.1.4 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Loks verður ekki séð að athugasemdum kæranda hafi verið svarað af hálfu sveitarstjórnar svo sem áskilið er í 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt því sem að framan er rakið var undirbúningi hinnar kærðu ákvörðunar áfátt og að auki skorti hana viðhlítandi lagastoð. Verður hún því felld úr gildi.

Kærendur hafa í máli þessu gert kröfu um kærumálskostnað. Valdheimildir úrskurðarnefndarinnar eru markaðar í 8. gr. skipulags- og byggingarlaga en þar er ekki að finna heimild fyrir úrskurðarnefndina til að úrskurða um kærumálskostnað á hendur málsaðilum. Verður ekki talið að unnt sé að úrskurða um slíkan kostnað án beinnar lagastoðar og styðst sú ályktun við lögmatísreglu íslensks stjórnarfars- og stjórnskipunarréttar, en hún felur m.a. í sér að hver sú athöfn stjórnvalda sem leggur skyldur á herðar einstaklingum verði að eiga sér ótvíræða lagastoð. Verður kröfu kæranda um kærumálskostnað af þessum sökum vísað frá úrskurðarnefndinni.

Uppkvaðning úrskurðar í máli þessu hefur dregist vegna mikils málafjölda sem skotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Samþykkt sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá 21. júní 2007 um breytt deiliskipulag hluta lands Laugaskóla í Reykjadal, Þingeyjarsveit, er felld úr gildi.

Kröfu kæranda um kærumálskostnað er vísað frá úrskurðarnefndinni.”

Sveitarstjóri tók fram að hann muni andmæla þeim orðum í úrskurðinum að athugasemdum kæranda hafi ekki verið svarað. Það var gert bréfléga ásamt því að sveitarstjóri átti marga fundi og samtöl við kærendur þar sem þeir voru upplýstir um gang mála.

Fleira ekki gert fundi slitið

Sigurður Skúlason,
Þórunn Jónsdóttir,
Helgi Hallsson
Ragnar Bjarnason